

Nd.

28. Frumvarp til laga

um rafveitulánasjóð.

Flm.: Skúli Guðmundsson, Bjarni Bjarnason, Helgi Jónasson,
Jörundur Brynjólfsson, Sveinbjörn Högnason.

1. gr.

Stofna skal sjóð, er nefnist rafveitulánasjóður. Sjóðurinn er eign ríkisins.

2. gr.

Tekjur sjóðsins eru:

1. Framlög frá ríkissjóði, eftir því sem ákveðið er í fjárlögum.
2. Árlegt gjald frá rafveitum, sem reistar hafa verið og reistar verða og hafa vatnsafl til orkuframleiðslu. Skulu rafveiturnar greiða til sjóðsins eftir þessum reglum:
 - a. Fyrstu 3 árin eftir að stöð er reist er hún gjaldfrjáls.
 - b. Næstu 5 árin greiðist 2 kr. á ári fyrir hvert kilowatt í málraun rafals í hverri vélasamstæðu.
 - c. Önnur 5 árin greiðist 4 kr. á ári á sama hátt, og úr því 6 kr. á ári.
Gjald þetta greiðist þó ekki af vélasamstæðum, sem hafa minna afl en 150 kw.
3. Vextir af sjóðnum, er leggjast við höfuðstólinn.

3. gr.

Gjöld þau, er um getur í 2. lið 2. gr., skulu greiðast rafveitulánasjóði 31. des. ár hvert, og fylgir þeim lögtaksréttur.

4. gr.

Tilgangur rafveitulánasjóðs er að veita lán til einstaklinga, orkuveitufélaga, sveitarfélaga, bæjarfélaga og ríkis til að gera orkuver til raforkuvinnslu og raforkuveitur.

5. gr.

Lán úr rafveitulánasjóði mega nema allt að $\frac{1}{5}$ stofnkostnaður orkuvers eða orkuveitu, sem lán er veitt til. Venjulega skulu lánin ekki greidd út fyrr en orkuver og orkuveita er fullgert. Þó má greiða lán út að nokkru eða öllu leyti á meðan á framkvæmd verksins stendur, ef nægileg trygging er sett.

6. gr.

Til tryggingar fyrir lánnum úr rafveitulánasjóði skal vera:

1. Orkuveitufyrirtæki það, er lán er veitt til, með öllum tilheyrandi mannvirkjum, réttindum og rekstrartekjum.
2. Ábyrgð hlutaðeigandi bæjar- og sveitarfélags, eða aðrar tryggingar, er stjórn sjóðsins metur gildar.

7. gr.

Lán úr rafveitulánasjóði má veita til allt að 23 ára. Mega þau vera afborgalaus fyrstu 3 árin af lánstímanum. Vextir skulu vera 3% — þrjú af hundraði — á ári.

8. gr.

Búnaðarbanki Íslands hefir á hendi ákvarðanir um lán úr rafveitulánasjóði og annast stjórn hans og rekstur, fyrir þóknun, er ákveðst með samkomulagi við ráðherra, og greiðist þóknunin úr sjóðnum.

9. gr.

Rafveitulánasjóður er undanþeginn tekjuskatti, útsvari, stimpilgjaldi og öðrum sköttum til ríkis, sveitar- og bæjarfélaga.

10. gr.

Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um sjóðinn og rekstur hans, m. a. um samþykki sérfróðra ráðunauta ríkisins til framkvæmda, sem lán eru veitt til, önnur skilyrði fyrir lánveitingum úr sjóðnum og útlánareglur.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

G r e i n a r g e r ð .

Frumvarp þetta er að mestu samhljóða þeim frumvörpum um rafveitulánasjóð, sem hafa verið flutt á tveim síðustu þingum. Þó er gerð sú breyting á 2. gr. frumvarpsins, að í stað þess, að áður var gert ráð fyrir, að aðeins þær rafstöðvar, sem hafa fengið ríkislán eða ríkisábyrgðir fyrir lánnum, væru gjaldskyldar til rafveitulánasjóðs, er nú ákveðið, að allar vatnsaflsstöðvar, sem hafa 150 kw. afl eða meira, skuli gjalda til sjóðsins. Er þetta í samræmi við það, sem samþykkt var í neðri deild á síðasta þingi.

Ef frumvarpið verður samþykkt, vænta flutningsmenn þess, að samkomulag verði um riflegt fjárframlag úr ríkissjóði til rafveitulánasjóðsins á þessu ári.